

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 4. maí 2017

V / gjaldskrá endurvinnslustöðva

Í meðfylgjandi minnisblaði rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna er fjallað um þá viðskiptavinir sem neita að borga fyrir gjaldskyldan úrgang skv. gjaldskrá. Erfitt getur verið fyrir starfsmenn að standa í stappi við viðskiptavinir sem ekki vilja greiða og hefur jafnvel komið til handalögmála vegna þessa. Til að einfalda og auðvelda viðbrögð starfsmanna í slíkum tilvikum er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á gjaldskrá endurvinnslustöðvanna og eftirfarandi texti settur inn í gjaldskrá:

Álagsgjald. Í þeim tilvikum sem viðskiptavinir neita að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang en losa úrgang engu að síður, leggst álagsgjald á farminn sem nemur kr. 10.000,-. Jafnframt verður viðkomandi aðili kærður til lögreglu fyrir þjófnað og húsbrot. Eiganda ökutækisins sem kemur með umræddan úrgang verður gert að greiða álagsgjaldið ásamt innheimtukostnaði.

Samhliða ofangreindri breytingu á gjaldskrá verður komið upp skiltum við innkeyrslur þar sem þessum reglum verður komið skýrt á framfæri og vakin athygli á eftirlitsmyndavélakerfi stöðvanna.

Lagt er til að ofangreind breyting taki gildi 1. júní 2017.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri